



AÐALGATA 21, SUÐUREYRI

*GREINARGERÐ VEGNA UMSÓKNAR UM LEYFI TIL AÐ FÆRA
AÐALINNGANG OG BYGGINGU VIÐBYGGINGAR
SEM OG LEYFI TIL AÐ HUGA AÐ FREKAR ENDURBÓTUM.*


14.MAÍ 2020

Hér hafa eigendur tekið saman smá greinargerð til stuðnings umsókn þeirra og teikningum en greinargerð þessa ætla eigendur ekki til opinberrar birtingar nema að fengnu samþykki. Myndir eru látnar fylgja með til glöggvunar, sérstaklega fyrir þá sem eru ekki staðkunnugir en þær eru ýmist í einkaeigu eða teknar af netinu og því erfitt að greina frá aldri þeirra með fullri vissu eða hvaðan þær koma.

Breyttar forsendur: Einstefnugata gerð að tvístefnugötu

Aðalgatan á Suðureyri hefur frá því hún var lögð verið einstefnugata að stórum hluta. Árið 2015 ákvað Ísafjarðarbær hins vegar að breyta götunni í tvístefnugötu. Áður fyrr þegar komið er inn bæinn þá tók við einstefna á Aðalgötunni við leikvöll bæjarins sem er staðsettur í hjarta þorpsins (gatnamót Aðalgötu og Freyjugötu). Þar var ökumönnum gert að beygja niður á Eyrargötuna en sú gata liggur samsíða og fyrir neðan Aðalgötuna (sjá mynd 1).

Eins og mynd 1 sýnir þá er hægt að keyra út Eyrargötuna og upp á Aðalgötuna við enda hennar en áður en umferðinni var breytt var hægt að beygja þar til hægri þ.e. út Aðalgötuna en þá tók við tvístefna en einstefna ef beygt var til vinstri og ekið inn fjörðinn. Frá Eyrargötunni hefur annars alltaf verið hægt að aka upp um þvergöturnar þrjár sem eru Stefnisgata, Skólagata og Skipagata sem liggja frá Eyrargötunni upp á Aðalgötuna líkt og götumyndin sem hér fylgir sýnir.



Mynd 1. Götukort af Suðureyri en hér er Aðalgata merkt gulu. Aðalgata 21 merkt með bláum hring.

Aðalinngangur snýr beint út á þrönga tvístefnugötu og nálægð við götu mikil

Eins greint hefur verið frá, þá hefur umferð og skipulagi verið breytt sem gerir Aðalgötuna í dag að tvístefnugötu frá byrjun götunnar við leikvöll bæjarins og að enda hennar. Það hefur komið illa við marga íbúa þar enda umferð töluverð um götuna. Sérstaklega í ljósi þess að sum hús eru þannig staðsett að þau liggja mjög nálægt Aðalgötunni og þar af leiðandi mjög stutt út á götu. Það á sérstaklega við um okkar hús við Aðalgötu 21 sem er sömuleiðis eitt þeirra fáu húsa þar sem inngangurinn í húsið er beint frá mjórri gangstétt sem vísar beint út á götu. Eins og mynd 2 sýnir þar sem horft er út Aðalgötuna þá er fjarlægð húsa sem hafa útgengi beint út á götu hvað þrengst á þessu svæði en á móti Aðalgötu 21 stendur Aðalgata 22 sem er stórt og reisulegt hús og liggur að horni Aðalgötu og Skipagötu þar sem aðalinngangur þess húss sem í eru tvær íbúðir er frá Skipagötu.



Mynd 2. Horft út Aðalgötuna, Aðalgata 21 á vinstri hönd og Aðalgata 22 á hægri hönd.

Í Umferðaröryggisáætlun Ísafjarðarbæjar sem Tæknideild bæjarins vann og er frá árinu 2013 er greint svo frá:

„Götur bæjarins eru flestar þröngar og þvergötur mjög stuttar, krafa til ökumanna því mikil, þeir verða að sýna mikla varfærni. Akstur stórra bifreiða er talsverður um íbúagöturnar og skapar

það hættu fyrir gangandi og hjólandi umferð. Gangandi umferð er mjög aðþrengd, gangstéttar fáar og sumar hverjar mjög mjóar.“

Núverandi aðalinngangur hættulegur með tilliti til öryggis og aðgengis

Núverandi aðbúnaður er engan veginn til þess fallinn að tryggja gott aðgengi né öryggi fólks inn í húsið eða út úr því, hvort sem er fyrir ung börn, barnavagna eða hreyfihamlað fólk.

Á mynd 3 má sjá núverandi frágang við aðalinngang hússins sem er algjörlega ófullnægjandi að mati eigenda og samræmist ekki nútímakröfum né á engan hátt gildandi byggingareglugerð sem fjallar um frágang á tröppum/þrepum. Húsið fellur ekki undir algilda hönnun en eigendur vilja geta haft möguleika á því að breyta inngangi hússins á þann hátt að hann uppfylli kröfur eins og kostur er um algilda hönnun og aðstæður leyfa. Þær kröfur eru augljóslega ekki mögulegt að uppfylla á núverandi inngangi án þess að afmarka svæði á bæði gangstétt og götu. Eigendur gera sér auk þess grein fyrir því að mögulega verði að fara einhvern milliveg í þessari nálgun í ljósi aðstæðna og staðsetningar hússins frá götu.



Mynd 3. Hér má sjá aðgengið við gangstétt að Aðalgötu 21 eins og það er í dag.

Í ljósi alls þessa óska eigendur eftir því að fá að færa aðalinngang hússins á innanverðan gaff þess þannig að gengið verði inn í húsið þar sem viðbyggingin kæmi sem stæði þá aðeins innar og yrði þar af leiðandi fjær götunni en núverandi aðalinngangur. Þannig vilja húseigendur tryggja öryggi, bæði íbúa hússins sem og gestkomandi og annarra vegfaranda sem eiga þar leið um hvort sem þeir eru gangandi, hjólandi eða akandi. Með því að gera rýmri pall og þægilegra aðgengi væri hægt að gera löglegri pall og tröppur fyrir framan nýjan aðalinngang eða eins aðstæður leyfa. Eins taka tillit til vindálags og snjósöfnunar en í dag þegar þröng gatan er rudd getur aðgengi að húsinu verið mjög slæmt líkt og mynd 4 sýnir.



Mynd 4. Hér má sjá hvernig aðgengi getur verið að vetri til. Mynd tekin í febrúar 2020

Með því að færa núverandi inngang sjá eigendur fyrir sér að setja glugga í stað þeirra tveggja hurða sem voru á húsinu á sínum tíma og mynd 8 hér á eftir sýnir. Þannig yrði gætt samræmis í útliti og ásýnd hússins eins og kostur er.

Núverandi aðalinngangur eins og mynd 3 sýnir, ber þess merki að vera bráðabirgðainngangur sé horft til frágangs líkt og myndin sýnir, það er upphækkuð stétt með lausum hellum þar ofan á til að bæta hæðarmun frá stétt og að þröskuldi.

Áður en Aðalgatan var steipt í kringum 1980 og göngustígar lagðir þá var aðgengið að Aðalgötunni með allt öðrum hætti en nú er og mynd 5 sýnir. Ef þessar myndir eru bornar saman þá má sjá að hluti núverandi stéttarinnar hefur m.a. verið mjókkuð umtalsvert og líklegast þurft að víkja fyrir bæði götu og gangstétt.



Mynd 5. Aðalgata 21, mögulega tekin um 1980 og áður en gatan var steipt. Hér er aðkoma að húsinu til fyrirmyndar auk þess sem hér sést hvar eldri inngangur hússins hefur verið fjarlægður og farið að notast við inngang í lágreista viðbyggingu hússins sem reist var um 1950. Sjá til samanburðar mynd 7.

Áður en hægt verður að huga að endurbótum á húsinu og nauðsynlegu viðhaldi sem fælist m.a. í að klæða það og skipta um glugga og þak þá skiptir miklu máli að fyrir liggi samþykki á þessari breytingu. Það myndi fela það í sér að byggð yrði viðbygging að innanverðu sem myndi m.a. hýsa anddyri hússins og eins bæta úr flóttaleiðum af efri hæð sem er engin í dag nema um stiga milli hæða innanhúss. Samkvæmt núgildandi byggingareglugerð er gerð krafa um tvær óháðar flóttaleiðir þar sem önnur getur verið út á svalir sem þurfa að vera að minnsta kosti 4m² að stærð og 1,6 m að dýpt samanber viðmiðunarreglu 4. greinar 9.5.3 í byggingarreglugerð 112/2012. Í meðfylgjandi gögnum má sjá hugmynd af umræddri viðbyggingu sem uppfyllir þessi skilyrði.

Um sögu hússins og breytingar í gegnum árin

Aðalgata 21 var byggð árið 1910 en í heimildum frá Kjartani Ólafssyni um Suðureyri og finna má á netinu er greint frá upplýsingum frá árinu 1920 um byggð á Suðureyri árið 1915 en þar kemur eftirfarandi fram:

Gata og húsnúmer: Aðalgata 21

Stærð í ferm: $6,3 \times 5,0 = 31,5$

Byggingarefni: timbur

Lýsing: ein hæð

Fasteignamat: 1.200,00

<https://www.safnis.is/upload/files/110%20%20Sudureyri.pdf> bls. 188).

Húsið var því upphaflega timburhús á einni hæð. Í riti Kjartans segir jafnframt „Aðalgata 21, byggt 1910, seinna var húsið stækkað og útveggir steyptir.“

<https://www.safnis.is/upload/files/110%20%20Sudureyri.pdf> bls. 117.

Á mynd 6.má sjá húsið frá þessum tíma.



Mynd 6. Hér er Aðalgata 21 bara ein hæð. Mynd mögulega tekin í kringum 1915-1924.

Í Súgfirðingabók segir um þá sem byggðu húsið á sínum tíma:

„Jakob Guðmundsson trésmiður á Flateyri og kona hans Kristín Rósinkranzdóttir fluttust til Suðureyrar um 1910, ásamt syni sínum Ragnari, ungum að árum. Jakob kom frá Æðey. Nóg var að vinna hjá trésmiðum á þessum uppgangsárum. Þau reistu sér hús við Aðalgötu. Kristín setti þar upp smávöruverslun í einu herbergi í húsi þeirra. Hún var höfðingleg kona, háttprúð og var venjulega sunnudagsklædd. . . . Þau fluttust aftur

til Flateyrar. Ragnar varð þar útgerðarmaður og kaupmaður um langt skeið.“ (bls. 368, 1977).



Mynd 7. Hér er mynd af Aðalgötu 21 á tveimur hæðum en myndin er tekin um 1950 en árið 1924 var byggð önnur hæð ofan á húsið og viðbyggingin um 1950.

Byggingarsaga hússins

Eins og komið hefur fram þá var húsið upphaflega timburhús sem síðan var bárujárnslætt, þá forskalað, málað og loks einangrað og klætt með steni og er þannig í dag. Byggð var efri hæð á húsið árið 1924. Um 1950 var viðbyggingu bætt við húsið og er hún á einni hæð að utanverðu. Sá hluti hússins er gerður úr steinsteypu og inngangi bætt við þann hluta enda var ekki innangengt þar á milli fyrstu árin. Eins og mynd 7 sýnir þá var töluverður húsakostur innan lóðar en þar var m.a. fjárhús og hlaða sem hafa horfið og gamall fiskhjallur. Undirstöður fiskhjallsins sem var hlaðinn grunnur stendur enn. Er hann nokkuð heillegur sérstaklega sá hluti hans sem stóð innan lóðar Aðalgötu 21 en hann stóð að hluta innan lóðar og að hluta utan hennar. Í garðinum er einnig að finna fallega hlaðinn steinvegg sem hefur varðveist vel og var hluti af hlöðuvegg og fjárhúsum sem stóðu í garðinum á sínum tíma og varðveitir sögu liðins tíma og mikil prýði er af.



Mynd 8. Aðalgata 21 t.v. þá bárujárnsklætt en myndin er tekin í kringum 1960. Hér má sjá tvo innganga. Í dag hefur eldri inngangi hússins að innanverðu (þ.e. vinstra megin) verið lokað.

Á mynd 8 má sjá viðbyggingu hússins sem reist var í kringum 1950 og hýsti m.a. þvottahús og geymslu. Um tíma voru því tveir inngangar í húsið líkt og myndin sýnir en fyrst um sinn var ekki innangengt þar á milli. Eldri inngangur hússins var síðan fjarlægður en ekki er vitað nákvæmlega hvenær það var gert.

Fyrirhugaðar endurbætur og nauðsynlegt viðhald

Endurbætur er snúa að aðgengi og útliti hússins, telja eigendur mikilvægt að fá samþykki fyrir áður en lengra er haldið. Eigendur leggja mikið upp úr öryggi og aðgengismálum en núverandi fyrirkomulag er með öllu óviðunandi.

Í dag er margt komið á tíma og þarf að huga að fótstykki við grind og nálægum stoðum hússins en a.m.k. hluti hans er orðinn mjög fúinn og þyrfti að endurnýja hið fyrsta.

Það er vilji eigenda að klæða húsið og skipta um glugga, færa þá utar og fjarlægja núverandi klæðningu sem er steníklæðning og huga að þaki hússins og fjarlægja stromp. Á þann hátt að heildarútlit hússins verði fært nær útliti þess tíma sem það var í og mynd 8 sýnir og var tekin um 1960.

Eins og sjá má á þeirri mynd þá hafa fallegir listar í kringum glugga og hurðar frá þessum tíma verið látnir víkja þegar húsið var forskalað (sjá nýlega mynd af húsinu á forsíðu) auk þess sem gluggar hússins í dag falla mjög inn í húsið þar sem þeir standa það innarlega og njóta sín ekki líkt og þeir gerðu hér á árum áður. Er fyrirhugað að færa timburverk í kringum glugga í þann stíl.

Aðalgata 21 stendur á mjög fallegum og áberandi stað rétt utan við miðbæ bæjarins þar sem Félagsheimili Súgfirðinga stendur sem og gömlu verslunarhúsin sem hýstu m.a. Suðurver og Kaupfélags Súgfirðinga og hýsa í dag veitingarstað, kaffihús og ferðatengda þjónustu.

Eigendur hafa bæði metnað og vilja til að standa vel að nauðsynlegum endurbótum hússins og að þær mæti bæði nútímapörfum og falli vel að umhverfi hússins, sögu þess og komi til með að prýða bæinn.

Það er ósk eigenda að umræddar breytingar verði samþykktar áður en lengra er haldið og fyllsta tillit sé tekið til öryggis- og aðgengissjónarmiða.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband. Eins eru eigendur tilbúnir að mæta til fundar sé þess óskað.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Eypór Páll Hauksson eythor@prentmidlun.is

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir sigrunedda@prentmidlun.is